

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps**  
**vegna vatnsaflsvirkjunar í landi Garpsdals.**

Skipulagsstofnun staðfesti 12. mars 2021 breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 sem samþykkt var í sveitarstjórn 19. nóvember 2020.

Með breytingunni er tæplega 5 ha landbúnaðarsvæði í landi Garpsdals breytt í iðnaðarsvæði (I4) fyrir vatnsaflsvirkjun (950 kW).

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 12. mars 2021.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

—————  
B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2021